

49. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir sveitarsjóður viðkomandi hrepps, eða sýslu-sjóður, ef eigi þykir við eiga, að sveitarsjóður greiði.

50. gr.

Með samþykkt þessar er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Borgarfjarðar-sýslu, nr. 20 23. febrúar 1940.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstað-anna staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 507 18. desember 1979
um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglnanna orðist svo:

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíða-stöðva eða aðila sem fengið hafa leyfi til að reka hér umræddan iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattfyrvöldum starfsemi sína og aflað heimildar til kaupa á vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum. Heimilt er þó að víkja frá framangreindum ákvæðum varðandi endurgreiðslur vegna smíði opinna báta og þilfarsbáta allt að 12 brl., annarra en báta úr trefjaplasi, enda fari endurgreiðslur þá fram skv. 5. gr. þessara reglna.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.